

Nr. 62/1911:

Guðmundur Egilsson  
gegn  
Jónasi Þorsteinssyni.

## D ó m u r:

Mál þetta höfðaði trésmiður Guðmundur Egilsson í Reykjavík fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Jónasi Þorsteinssyni steinsmið samastaðar, til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér 120 kr. umboðslaun fyrir sölu á húsi. Var málið dæmt í nefndum rétti 21. desember f. á. á þá leið, að stefndi var sýknaður af kærnum og kröfum áfryjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. desbr. f. á. og krafist þess, að dóminum verði hrundið og stefndi dæmdur til að greiða honum 120 kr. með 6% ársvöxtum frá 26. nóvbr. 1910 til greiðsludags, og að stefndi verði dæmdur til að greiða áfryjanda málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu eða eftir mati yfirdómsins.

Með skrifl. yfirlýsingu dags. 21. febr. 1909 lofaði stefndi að greiða áfryjanda 120 kr., »ef að þeir herrar keyptu húsið nr. 19 A (eign stefnda) við Grettisgötu Ólafur Helgason eða Þórður Þórðarson«. Eftir því sem komið er fram í málinu virðist verða að skilja yfirlýsingu þessa svo, að með henni lofi stefndi stefnanda 120 kr. sölulaunum, ef það takist fyrir tilstilli áfryjanda að selja öðrum hvorum hinna þar nefndu manna umgetna húseign stefnda.

Það er viðurkent í málinu, að nokkru síðar, það verður ekki séð af skjölum málsins hve löngu síðar, hafi stefndi makaskift nefndri húseign við umræddan Þórð Þórðarson.

Telur áfrýjandi að kaup þessi hafi orðið fyrir sína milligöngu og eigi hann því heimting á sölulaunum samkvæmt greindri yfirlýsingu stefnda. En stefndi neitar því, að áfrýjandi hafi haft nein þau afskifti af húsa kaupunum, að réttlætt geti þessa kröfu hans; heldur hann því fram, og það styrkist við annað, sem fram er komið í málinu, að Þórður hafi komið til sín ótilkvaddur af áfrýjanda og án hans vitundar og vakið máls á makaskiftunum; þá hafi að vísu ekkert samist með þeim Þórði, og áfrýjandi hafi eftir það fengið Þórð með sér til stefnda í sínum erindum, en þá hafi samningar ekki komist á og frekari samningaumleitanir hafi þá verið taldar árangurslausar, en að síðan hafi makaskiftin komist á eftir nýjar samningaumleitanir milli semjanda án milligöngumanns.

Með því nú áfrýjandi hefir ekki fært sönnur á það gegn mótmælum stefnda, að makaskiftin hafi orðið fyrir hans (áfrýjanda) tilstilli, verður að fallast á það, að undirdómurinn hefir sýknað stefnda af kröfum áfrýjanda, og þar sem yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Afryjandinn Guðmundur Egilsson greiði stefnda Jónasi Þorsteinssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.